

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 7. júní 1990 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

1. gr.

Töluliðir 8 til 15 í 2. gr. orðist svo:

8. Fána Íslands, ríkisskjaldarmerki og þjóðsöng Íslendinga.
9. Þingvelli og Þingvallabþjóðgarð.
10. Hina íslensku fálsaorðu og önnur heiðursmerki.
11. Embætti húsameistara ríkisins.
12. Þjóðhagsstofnun.
13. Byggingastofnun.
14. Framkvæmdasjóð.
15. Atvinnuþryggingasjóð útflutningsgreina.

2. gr.

22. töluliður 3. gr. fellur niður. Töluliðir 23 til og með 26 breytast í samræmi við það í töluliði 22 til og með 25.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Umhverfisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Náttúruvernd, friðunar- og uppgræðsluáðgerðir á sviði gróður- og skógverndar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, áðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og eflingu alhliða umhverfisverndar.
Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra.
2. Varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu og endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins að því er varðar mengunarvarnir og yfirstjórn Siglingamálastofnunar ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar.
3. Skipulags- og byggingarmál, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar, skipulagsstjóra ríkisins, skipulagsstjórn og Landmælingar Íslands.
4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar og alþjóðlega samvinnu á því sviði, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

5. Fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
6. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
7. Alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála.

4. gr.

Við 15. gr. bætist nýr töluliður, sem orðist svo:

9. Mælitæki og vogaráhöld.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi. Þó öðlast 3. tl. 13. gr. að því er varðar skipulags- og byggingarmál, skipulagsstjóra ríkisins og skipulagsstjórn ekki gildi fyrir en 1. janúar 1991.

Forsætisráðuneytið, 7. júní 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Alþingi hefur hinn 4. maí 1990 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árið 1990.

Alþingi ályktar að árið 1990 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN (Fjárhæðir í m.kr.)

	1990
1.1. Markaðar tekjur 1990:	
1. Bensínjald	3186
2. Pungaskattur, km-gjald	925
3. Pungaskattur, árgjald	285
	4396
1.2. Eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum, innheimtar 1990	100
1.3. Sérstök fjáröflun vegna flýtingar jarðganga á Vestfjörðum	47
Samtals	4543